

**AUGLÝSING**  
**um staðfestingu á stjórnunar- og verndaráætlun**  
**náttúruvættisins Surtarbrandsgils.**

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, hefur umhverfis- og auðlinda-ráðherra staðfest stjórnunar- og verndaráætlun fyrir náttúruvættið Surtarbrandsgil í Vesturbyggð. Einnig hefur ráðherra staðfest eftirfarandi reglur um dvöl og umferð sem settar hafa verið fram í stjórnunar- og verndaráætluninni í samræmi við 2. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013.

1. gr.

Gestum er aðeins heimilt að heimsækja svæðið í fylgd með eða leyfi frá landverði eða umsjónarmanni svæðisins.

Stjórnunar- og verndaráætlunin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 24. apríl 2018.*

**Guðmundur Ingi Guðbrandsson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

B-deild – Útgáfud.: 14. maí 2018